



Dýralæknafélag Íslands
Guðbjörg Þorvarðardóttir formaður
Skólavörðustíg 35
101 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr


Reykjavík 15. mars 2010
Tilv.: SLR08040045/2.6

Efni: Svar við ályktun DÍ um endurskoðun reglugerðar um aðbúnað loðdýra

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf frá Dýralæknafélagi Íslands þar sem þeirri áskorun er komið á framfæri „að reglugerð um aðbúnað loðdýra verði sem fyrst tekin til gagnerrar endurskoðunar og að höfð verði hliðsjón af umræðu um velferð loðdýra og úrbótum í regluverki varðandi loðdýrarækt meðal nágrannaþjóða okkar“ eins og það er orðað í téðu bréfi. Ráðuneytið þakkar DÍ fyrir áskorunina og lætur þess jafnframt getið að nú stendur yfir vinna við heildarendurskoðun gildandi laga um dýravernd og jafnhliða endurskoðun laga um búfjárhald og samning frumvarps til nýrra laga um velferð dýra sem koma eiga í stað gildandi laga um dýravernd og þeirra þátta laga um búfjárhald sem snerta m.a aðbúnað dýra. Reglugerð sú sem DÍ vitnar væntanlega til í bréfi sínu er reglugerð nr. 165/2007, um aðbúnað og meðferð minka og refa og er einmitt sett með stoð í lögum nr. 103/2002, um búfjárhald. Það er eindregin ásetningur ráðuneytisins að flýta téðri endurskoðun eins og kostur er og endurskoða síðan allar þær reglugerðir sem eiga stoð í hinum eldri lögum í beinu framhaldi, þ.m.t. reglugerð nr. 165/2007, um aðbúnað og meðferð minka og refa sem hér er til umræðu.

Ábendingar frá DÍ eru vel þegnar í starfi þessu en Sif Traustadóttir dýralæknir á sæti í endurskoðunarnefndinni sem fulltrúi félagsins.

Fyrir hönd ráðherra



Kristinn Hugason

Ljósrit: Dýraverndarráð
Matvælastofnun